

Föstudaginn 11. maí 1934.

Nr. 34/1934. **Réttvísín** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Adam Emil Kempf og Knud Busk
 (Eggert Claessen).

Brot g. 231. sbr. 46. og 48. gr. hgnl.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. jan. 1934: Ákærður, Adam Emil Kempf, sæti betrunarhússvinnu í 12 mánuði. Ákærður, Knud Busk, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að telja sannað, að hinir ákærðu hafi framið innbrot það, er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, jafnframt í því skyni að stela áfengi, er vera kynni í sumarbústaðnum, enda þótt prófin um þetta atriði séu eigi svo glögg, sem æskilegt hefði verið. Verksaður hinna ákærðu er því ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. tölulið 231. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. málsg. 46. og, að því er ákærða Knud Busk varðar, einnig 48. gr. sömu laga. Refsing ákærða, Adam Emil Kempf, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928 og 46. gr. hegningarlaganna, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En refsing ákærða, Knud Busk, ákveðst 45 daga fangelsi sömu tegundar samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 46. og 48. gr. almennra hegningarlaga, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar hans og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá upp-

kvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39/1907. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar þykir mega staðfesta. Svo ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Adam Emil Kempf, sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærði, Knud Busk, 45 daga fangelsi sömu tegundar, en fresta skal fullnustu refsingar hins síðarnefnda og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Adam Emil Kempf og Knud Busk gæsluföngum í hegningarhúsinu hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula

hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærðu, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Miðvikudaginn 6. dezember f. á. klukkan á 7 tímanum að kvöldi lagði Tryggvi Einarsson, Miðdal í Mosfellssveit af stað heimanað frá sér, ásamt gesti, sem var í Miðdal, Steingrími Hinrikssyni að nafni. Var ferðinni heitið að Gunnarshólma og voru þeir á bifreið. Er þeir komu að brúnni yfir Hólmsá, fóru þeir úr bifreiðinni og gengu inn að sumarbústað frú Soffíu Jakobsen, sem er skammt fyrir ofan Geitháls. Tryggvi hafði þá fyrir skemstu tapað kaninum heimanað frá sér og hafði frétt að þær mundu halda sig þarna. Er þeir nálguðust sumarbústaðinn sáu þeir ljósglampa við norðurdyr hússins, þótti þeim þetta allgrunsamlegt á þessum tíma sólarhringsins. Biðu þeir nú um stund en gengu síðan í kringum húsið og beyrðu þá einhver högg inni fyrir, sáu þeir og í gegnum rifu á hlera á suðurhlið hússins litinn oliulampa á gólfinu og logaði á honum. Héldu þeir nú að þarna mundi ef til vill vera komið heimilisfólk þarna og löbbuðu niður að bíl sínum aftur, en fóru síðan upp eftir aftur í því skyni að hafa tal af fólkinu. En er þangað kom var hvergi ljós að sjá í sumarbústaðnum. Börðu þeir nú að dyrum og kölluðu, en enginn ansaði. Færðu þeir sig nú vestur að sumararbústað Kaabers, sem er þar skammt frá og biðu þar um stund. Allt í einu sáu þeir einum manni bregða fyrir í nánd við húsið, og hlupu þeir þá strax á eftir honum. Girðing er í kringum tún sumarbústaðarins, og sáu þeir Tryggvi að mennirnir voru tveir er þeir voru að riðlast yfir girðinguna. Hófst nú eltingaleikur, en Steingrímur drógst aftur úr, vegna þess að hann var þannig klæddur til fótanna að honum var erfitt um hlaup, en Tryggvi var rétt á eftir þeim, voru ca. 15 faðmar á milli þeirra. Annar þeirra, sem eltur var, hafði byssu meðferðis og staðnæmdust þeir öðru hvoru að sögu Tryggva og miðaði þá sá, sem byssuna bar, henni á hann, og stoppaði Tryggvi þá líka, en síðan tóku þeir á rás aftur. Loks er þeir voru komnir að svokölluðum Kotás, sem er aflíðandi brekka.

var Steingrímur búinn að ná Tryggva, og voru þeir neðarlega í brekkunni, en hinir komnir upp á brúnina, þá hleypti annar maðurinn úr byssu sinni á þá. Hættu þeir þá við eltingaleikinn, en hinir hurfu út í náttmyrkrið. Fór Tryggvi síðan að Lögbergi í Mosfellssveit og hringdi til lögregluvarðstofunnar í Reykjavík og sagði sínar farir ekki sléttar. Lögreglan fór þegar á vettvang. Þóttu ákærðir í máli þessu þegar nokkuð grunsamlegir, vegna þess að þeir höfðu sézt á þessum slóðum nokkru áður og höfðu þá byssu meðferðis og þóttust vera á skyttiríi. Lögreglan fór samstundis heim til Emil Kempf á Hverfisgötu 83. Var hann ekki heima, en stúlka sú, sem hann býr með, sagði að hann hefði farið þá klukkan 4 um daginn eitthvað inn fyrir bæinn á rjúpnaveiðar og hefði ákærður Knud Busk verið með honum. Var nú settur lögregluvörður um húsið. Síðan var farið að leita að ákærðum en þeir fundust ekki. En klukkan um 4 um nóttina komu þeir að íbúðarhúsi Kempf, og tók lögreglan þá fasta og fór með þá á lögreglustöðina. Höfðu þeir meðferðis tvíhleypta haglabyssu Kaliber 16, og nokkur hlaðin skot-hylki. Voru þeir síðan samstundis fluttir í fangahúsið.

Er fyrir réttinn kom, þá neituðu þeir með öllu að vera valdir að innbrotinu hjá frú Jakobsen, en héldu því fram, að þeir hefðu verið á skyttiríi upp í Mosfellssveit, en ekki komið nálægt Geithálsi. Tryggi og Steingrímur athuguðu þá í réttinum en treystust ekki til að þekkja þá, þar sem svo skuggsýnt var orðið, er þeir voru í eltingaleiknum. Síðan voru ákærðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald og lögreglan reyndi að upplýsa málið eftir fön-gum. Meðal annars fann hún spor mannanna í leirflagi að tilvísun Tryggva í Miðdal og mældi þau, og bar þau saman við skó ákærðu og pössuðu þeir að því er bezt varð séð, nákvæmlega við spor þau, er mæld voru. En ákærðir héldu fast við það, að þeir væru alsaklausir af verknaði þessum.

Loks hinn 2. janúar viðurkenndi ákærður Kempf, að hann og Busk hefðu verið þarna að verki, og Busk viðurkenndi hið sama daginn eftir. Þeir skýrðu svo frá, að þeir hefðu farið á skyttirí þennan dag, án þess nokkuð að hafa innbrot í hyggju. En Kempf var að hugsa um að fé sér einhvern góðan stað til þess að brugga í, og

varð það því úr, að þeir fóru að ráðum Busk í sumarbústað frú Jakobsen, en Busk hafði komið þangað einu sinni síðastliðið sumar, ásamt öðrum manni að sækja hey til frú Jakobsen, en Kempf hafði aldrei komið þangað áður. Er þeir komu þangað tók Kempf hlera frá norðurdyrum hússins, en lykillinn stóð í skránni að innanverðu. Kempf hafði töng á sér, stakk henni inn í skráargatið að utanverðu og kleip með henni utan um oddinn á lyklinum, og gat snúið lyklinum og á þann hátt opnað eldhúsið. Er þeir komu inn þá kveiktu þeir ljós. Síðan braut Kempf upp buffet, er þar var inni, með skrúfjárn, sem þeir fundu í húsinu, en Busk hélt á ljósinu á meðan. Var meiningin að leita þarna eftir víni. Er þeir höfðu haft skamma viðdvöl þarna inni urðu þeir varir mannaferða. Þeim tókst þó að komast burt frá bústaðnum án þess að þeim yrði veitt eftirför. en urðu þá varir við, að þeir höfðu gleymt byssu þeirri, sem þeir höfðu verið með fyrir utan húsið. og þótti þeim það ófært og töldu vist, að upp mundi komast um innbrotið, ef byssan fyndist. Fór því Kempf til baka aftur og náði í byssuna, en er hann var að fara frá húsinu, þá veittu Tryggvi og Steingrimur honum eftirför. svo sem fyr segir.

Það var ákærður, Emil Kempf, sem hleypti úr byssunni. Byssan var óhlaðin, en er hann taldi, að Busk gæti ekki hlaupið lengur, og þeir voru komnir upp á hæð þá, sem kölluð er Kotás, ákvað hann að skjóta úr byssunni, til þess að hræða eltingamennina. Fékk hann þá patronu hjá Busk og sagði honum að hann ætlaði að skjóta til að hræða þá, en Busk bað hann að passa sig með það, að láta skotið ekki hitta þá. Síðan hleypti Kempf úr byssunni. Hann heldur því fram, að hann hafi miðað tveim til þrem föðmum til hægri við eltingamennina og um tveim föðmum fyrir ofan höfuð þeirra. Busk hefir og borið, að Kempf hafi skotið langt yfir höfuð þeirra.

Samkvæmt mælingu lögreglunnar eftir uppgjöf Tryggva hefir Kempf skotið á þá á 22 metra færi, og stóðu ákærðir mun ofar í brekkunni. Steingrimur stóð hægra megin við Tryggva og var ca. faðmur á milli. Tryggvi kveður, að hann hafi heyrt hvininn í höglunum til hægri fyrir ofan höfuð sér, en Steingrími fannst höglin hvína rétt fyrir ofan höfuð hans.

Auk þess hafa Steingrímur og Tryggvi borið það, að meðan á eltingaleiknum stóð, hafi ákærður, er þeir stoppuðu, miðað byssunni á þá, til að hræða þá, en því hafa ákærðir neitað. Þá er það upplýst, að sama kvöldið og innbrotið var framið, þá hittu ákærðir vetrarmann frá Árbæ, Ásgrím að nafni, skammt frá Árbæ. Hefir Ásgrímur þessi borið, að Kempf hafi beðið sig um tóbak í pípu, en er hann vildi ekki gefa honum það, þá hafi Busk miðað byssu sinni á hann. En þessu hafa ákærðir eindregið neitað.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Emil Kempf fæddur 26. jan. 1902, en Knud Busk fæddur 18. júní 1910. Busk hefir ekki verið refsað fyr, svo vitað sé, en Kempf hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 1932 verið dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga skilorðsbundið, fyrir hilmingu. Hann hefir og verið dæmdur fyrir bruggun og sektaður fyrir æðarfugladráp svo sem hegningarovottorð hans ber með sér. Þá hefir hann og setið í gæzluvarðhaldi í Kaupmannahöfn frá $\frac{7}{10}$ — $2\frac{1}{10}$ 1930, grunaður um hilmingu en slapp vegna ónógra sannana.

Framantalið brot ákærðu ber að áliti dómarsins að heimfæra undir 6. og 7. grein laga nr. 51, 1928, sbr. og 231. grein hinna almennu hegningarlaga, og að því er Kempf snertir heyrir brot hans sérstaklega undir 5. lið 231. greinar hegningarlaganna. Refsing Kempf þykir hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 12 mánuði, en Busk sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Svo greiði þeir in solidum allan kostnað sakarinnar, en hvor um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt. Skaðabóta hefir ekki verið krafizt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

